

# Viðhaldsstjóri óskast á Bíldudal

Í boði er krefjandi og skemmtilegt starf hjá traustu og vel reknu fyrirtæki

Íslenska kalkpörungafélagið leitar að hæfum, áhugasömum, metnaðarfullum og lífsglöðum einstaklingi í starf viðhaldsstjóra í verksmiðju félagsins á Bíldudal. Viðkomandi þarf að vera árangursmiðaður, sýna frumkvæði og hafa áræði til að takast á við krefjandi starf sem felst í umsjón með eftirliti og viðhaldi á vélbúnaði verksmiðjunnar ásamt vinnuvélum sem notaðar eru á vinnusvæðinu.

## Hlutverk viðhaldsstjóra

- Þú tekur þátt í gerð áætlana og tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd breytinga og viðhalds á vélbúnaði verksmiðjunnar og vinnuvélum.
- Þú gegnir mikilvægu hlutverki varðandi kröfur um öryggi og umhverfismál enda eru öryggismál og velferð starfsfólks í forgangi.
- Þú hefur yfirumsjón með skipulagi og verkstjórn á verkstæði.
- Þú vinnur að stöðugum umbótum og fyrirbyggjandi viðhaldi.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun, reynsla og hæfni sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur en ekki krafa.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum er kostur en ekki krafa.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg.
- Lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg.
- Áhugi og metnaður fyrir gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnun.

*Rekstur Íslenska kalkpörungafélagsins er í stöðugri framþróun. Félagið framleiðir hágæða fóðurbæti og fæðubótarefni úr kalkpörungum úr Arnarfirði og er árleg framleiðsla félagsins um 50 þúsund tonn af mismunandi kalkafurðum. Eigendur félagsins eru frumkvöðlar á sínu sviði sem einkum vinna að þróun ýmissa afurða úr kalkpörungum fyrir fæðubótarmarkað og til sýrustillingar og vatnshreinunar á mörkuðum víða um heim. Eru framtíðarmöguleikar því miklir.*

*Í boði er krefjandi starf í fallegu umhverfi Vestfjarða þar sem fjölmargar af helstu náttúruperlum landsins eru í næsta nágrenni. Á Bíldudal er vaxandi atvinnulíf ásamt gróskumiklu mannlífi þar sem íbúatalan fer hækkandi. Á Bíldudal er góður leik- og grunnskóli ásamt íþróttastöðu auk þess sem sundlaugar og heilsugæsla eru í næsta nágrenni ásamt tækifærum til margvíslegra vetraríþróttu.*

## Kynntu þér málið

Allar nánari upplýsingar veitir framleiðslustjóri fyrirtækisins, Jóhann Magnússon, í síma 863 7558. Einnig má senda fyrirspurnir á [johann@iskalk.is](mailto:johann@iskalk.is)

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist Íslenska kalkpörungafélaginu ehf. á sama netfang, merkt Viðhaldsstjóri fyrir 12. nóvember.

